

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 1. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 2000.

Í stað ártalsins „1997“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 2000.

Í stað orðanna „849 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 922 kr.

Í stað orðanna „322.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 350.000 kr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 4. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 92 24. maí 1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. janúar 2000.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504/1998 um vistvæna landbúnaðarframleiðslu.

1. gr.

Við V. viðauka bætist eftirfarandi:

4.0 RÆKTUN ÆTISVEPPA

- 4.1 Ákvæði þessi taka til ræktunar ætisveppa innan tegundarinnar *Psalliota campestris* var. *bispora*.
- 4.2 Ekki er leyfilegt að markaðssetja sömu gerð sveppa bæði undir merkjum vistvænnar og hefðbundinnar ræktunar.
- 4.3 Plöntulyf má aðeins nota í neyðartilvikum eða samkvæmt notkunaráætlun í fullu samræmi við notkunarleiðbeiningar.
- 4.4 Skrá verður á sérstök eyðublöð alla notkun plöntulyfja allt frá byrjun hverrar ræktunar.
- 4.5 Skrá verður á sérstök eyðublöð alla áburðarnotkun allt frá byrjun hverrar ræktunar.
- 4.6 Við gerð rotmassa skal mæla og skrá þurrefnis- og köfnunarefnismagn massans, sem og C:N - hlutfall.
- 4.7 Ræktunarklefar skulu þrífir vandlega áður en ný ræktun hefst.
- 4.8 Framleiðandi sem ekki virðir og fylgir settum reglum varðandi vistvæna ræktun getur misst réttinn til að merkja og markaðssetja vöru sína undir merkjum vistvænnar ræktunar í lengri eða skemmri tíma, skv. mati eftirlitsaðila.
- 4.9 Sérhverjum þeim sem ræktar undir merkjum vistvænnar ræktunar er skylt að veita eftirlitsaðila allar umbeðnar upplýsingar um ræktunina.